

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285
18. desember 1970 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 525.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 155.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 650.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús, 100 m² og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 270.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 770.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 101 000.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 101 000.00 fyrir hverja 300 m³ og kr. 76.00 hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 230 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 64.00 hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntak er kr. 12 000.00.